

161

21. sept.

## III. KAFLI

## Um legu skipa og umferð þeirra á höfninni.

## 8. gr.

Fiskiskip og önnur skip, sem ferma ekki né afferma, mega aldrei leggjast svo á höfninni, að þau tálmi fermingu eða affermingu annarra skipa. Skulu þau í hvert skipti skyld að hlýða boðum hafnarvarðar um það, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum og bátum má ekki leggjast svo að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Nú tregðast skipstjóri, eða eigandi skips, við að hlýða fyrirmælum hafnarvarðar um að flytja skip sitt, bát eða strengi, til á höfninni, getur þá hafnarvörður látið gera það á kostnað og ábyrgð eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## 9. gr.

Í sérhverju skipi, að undanteknum skipum, sem hafa leyfi hafnarnefndar til þess að liggja mannlauk á höfninni, skal jafnan vera að minnsta kosti einn maður, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær, hvort heldur á að færa skip, eða gera eitthvað annað samkvæmt reglugerð þessari.

## 10. gr.

Eigi má festa skipum við bólvirki eða bryggjur, nema við festarhringi eða festarstólpa. Festum skal einnig þannig fyrir komið, að þær hindri sem minnst umferð á bryggjum eða bólvirkjum. Þyki þess ekki nægilega gætt, má krefjast að bætt sé úr því tafarlaust.

Skylt er að hafa tryggar hlifar milli skips og virkis eða bryggju, ef krafizt er.

## 11. gr.

Vélskip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli, að öðrum skipum eða hafnarmannvirkjum stafi hættu af því.

Ekki má hleypta vatni á bryggjur eða bólvirki að óþörfu.

## 12. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það, að áliti hafnarvarðar, tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal eigandi þess láta færa það burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burtu á kostnað eiganda. Kostnaðinn má taka lögtaki.

## IV. KAFLI

## Um notkun hafnarinnar.

## 13. gr.

Venjulega skal heimila skipum að leggjast að bryggjum eða bólvirkjum í þeirri röð, er þau koma til hafnarinnar. Þó skal farþegaskipum, sem sigla eftir fyrirfram auglýstum áætlanum, leyft að leggjast að bryggjum, þótt önnur skip liggja þar fyrir. Skulu þau þá víkja, sé það nauðsynlegt að dómi hafnarvarðar.

Sé fermingu eða affermingu skips eigi haldið áfram með hæfilegum hraða að dómi hafnarvarðar, ber því að víkja fyrir öðru skipi, ef hann krefst þess. Enn fremur getur hafnarvörður vísað skipi frá bryggju, áliti hann það nauðsynlegt vegna veðurs.

Verði ágreiningur, ræður hafnarvörður hvar og í hvaða röð skip koma að bryggjum.